

5. fundur stjórnar HRFÍ starfsárið 2020-2021

Fimmtudaginn 10. desember kl. 17.00 á Teams

Mættir voru: Herdís Hallmarsdóttir, formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðbjörg

Guðmundsdóttir, Heiðar J. Sveinsson, Svava Björk

Ásgeirsdóttir, auk Önnu Guðjónsdóttur. Guðni B.Guðnason boðaði forföll. Framkvæmdastjóri félagsins, Guðný Ísaksen sat fundinn.

Fundinn ritaði Svava Björk Ásgeirsdóttir.

Dagskrá

1. Gjaldskrá 2021

Umræður um gjaldskrá 2021 frá síðasta fundi stjórnar rifjaðar upp. Stjórn er sammála um að fara skuli árlega yfir gjaldskrá félagsins á nóvemberfundi stjórnar ár hvert. Betra sé að taka minni skref en stærri hvað hækkanir varðar. Verðlagsbreytingar hafa orðið á árinu 2020 og verðlagshækkun greinileg.

Stjórn samþykkir að verðlagshækkanir taki gildi á nýju ári og munu öll gjöld félagsins hækka fyrir utan sýningargjöld.

2. Fyrirhuguð sýning félagsins í febrúar 2021

Framkvæmdastjóri greinir frá því að ákvörðun þurfi að taka vegna komandi febrúarsýningar félagsins. Óvissa er enn töluverð vegna covid-19 faraldursins og erfitt fyrir félagið að taka svo viðamikla ákvörðun í slíkri óvissu. Það er mat sýningarstjórnar og framkvæmdastjóra að aflýsa beri sýningunni, fyrr en seinna. Mögulega væri hægt að tvöfalda júnisýningu félagsins sem stjórn líst vel á. Líklega verður erfitt að manna sýningarnar en vonast er til að félagsmenn taki við sér og hjálpist að til að sýningarnar verði að veruleika. Ef þetta verður raunin þá mun félagið vera með sama fjölda sýninga yfir árið líkt og verið hefur, fimm sýningar. Mikilvægt er fyrir alla aðila að taka ákvörðun sem fyrst til þess að við getum tryggt okkur dómara og fleira sem þarf að undirbúa í tíma. Mögulegt sé einnig að kanna hvort hægt verði að halda tegundasýningar með íslenskum dómurum á næsta ári.

Stjórn samþykkir að aflýsa fyrirhugaðri sýningu félagsins í febrúar 2021 og stefna að tvöfaldri sýningu í júní 2021 sem og mögulegum tegundasýningum.

Stjórn er sammála um að störf sýningarstjórnar og framkvæmdastjóra séu til fyrirmyndar og þakka beri fyrir vel unnin störf í erfiðu árferði.

3. Valgreiðslur í heimabanka félagsmanna

Framkvæmdastjóri hefur kannað þann möguleika að koma valgreiðslum í heimabanka félagsmanna. Kostnaður við slíkt lendir á félaginu í öllum tilvikum. Ef félagsmaður krefst þess að valgreiðslan sé felld niður, þá ber félaginu skylda til að gera það og bera kostnaðinn við slíkt. Einnig eru listar yfir félagsmenn óáreiðanlegir sökum vankanta í núverandi tölvukerfi og þess má geta að á síðasta ári voru greiddar um 500.000 krónur í tengslum við innheimtu félagsgjalda. Aukakostnaður er að leggjast til vegna óáreiðanleika í tengslum við lista í tölvukerfi. Mögulegar útfærslur ræddar og á kveðið að hvetja félagsmenn til þess að styrkja félagið með frjálsum framlögum. Erindi verður sent til félagsmanna innan tíðar með frekari upplýsingum.

4. Frestun á gildistöku veiðiprófreglna

Erindi barst þann 1.12.2020. Óskað var eftir frestun gildistöku nýrra veiðiprófsreglna fyrir tegundahóp 7, en þær eru í þýðingu og hefur nefndin sem sér um þýðinguna átt erfitt með að hittast og ræða málin vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Þýðingin sjálf er langt komin og það næsta í ferlinu er, samkvæmt reglum, að kynna nýju reglurnar fyrir hluteigandi. Beiðni er um frestun til 01.03. 2021. Beiðnin er samþykkt.

5. Frestun á gildistöku á kafla 10 í reglugerð um skráningu í ættbók

Erindi barst frá Lilju Dóru Halldórsdóttur fyrir hönd ræktunar- og staðlanefndar þar sem nefndin óskar eftir því að stjórn samþykki að fresta fyrirhugaðri gildistöku breytinga á 10. kafla reglna um skráningu í ættbók frá 1. janúar 2021 til 1. mars 2021. Nefndin vill fara betur yfir þau erindi sem hafa borist frá deildum og einstaklingum og finnst nefndinni nauðsynlegt að fara betur yfir málin áður en hún birtir endurskoðunina á umdeildum ákvæðum. Lilja greinir einnig frá því í erindi sínu að Anna Hermannsdóttir hafi sagt sig frá störfum nefndarinnar vegna anna í öðrum nefndum félagsins. Erindið er samþykkt.

6. Umsókn Retrieverdeildar vegna deildarsýningar 2021 og veiðiprófadagskrár fyrir 2021.

Retrieverdeild hefur sótt um að halda deildarsýningu í september 2021, en umsókn þess efnis barst þann 17.11.2020. Sýningarstjórn gerir engar athugasemdir við umsóknina.

Erindið er samþykkt.

Umsókn Retrieverdeildar um veiði- og vinnupróf 2021 var einnig samþykkt.

7. Erindi frá ræktanda

Ræktandi innan félagsins leggur fram beiðni um pörun milli feldgerða smooth og rough collie. Erindið barst upphaflega þann 3. október en ræktandinn var beiðinn um frekari upplýsingar um hvaða hunda væri um að ræða. Samkvæmt ræktandanum er stofninn lítill á landinu og því mikilvægt að viðhalda ræktun í tegund.

Umræður skapast um erindið og ákveðið að líta til nágrannalandanna þar sem slíkt hefur verið leyft í undantekningatilfellum þrátt fyrir að upprunalandið samþykki ekki pörun milli feldgerða í umræddum tegundum. Auk þess hefur viðkomandi ræktandi fengið slíka undanþágu áður undir sömu formerkjum.

Erindið er samþykkt fyrir þessa pörun, gegn því að viðkomandi undaneldishundar uppfylli öll skilyrði til ræktunar.

8. Erindi frá ræktanda

Ræktandi innan félagsins óskar eftir afléttingu á ræktunarbanni.

Í reglum um skráningu í ættbók segir í grein 4.3: „Stjórn HRFÍ getur heimilað ræktanda að setja ræktunarbann með eða án sýningarbanns á hund úr sinni ræktun, við ættbókar skráningu hans.

Skal bannið rökstutt með greinargerð sem staðfestist af kaupanda ef hann er til staðar. Stjórn HRFÍ getur eitt aflétt ræktunar- og sýningarbanni, krefjist ræktandinn þess. „

Erindið er samþykkt í ljósi þess að ekki hafi verið réttmætt á sínum tíma að setja hundinn í ræktunarbann. Óskir um ræktunarbann skuli ávallt taka fyrir á fundi stjórnar

HRFÍ og slíkt var ekki gert í þessu tilfalli. Af þeim sökum er það leiðrétt og ræktunarbanni aflétt á viðkomandi undaneldishundi.

9. DNA og rannsóknarstofur

Umræður um DNA próf þau sem eru krafa fyrir ræktun í ákveðnum tegundum innan félagsins. Í reglum okkar sem byggðar eru á reglum FCI, er skýrt kveðið á um að prófin séu tekin af dýralækni.

Svo virðist sem einstaklingar séu að taka slík próf og senda þau sjálf erlendis til greiningar. Dýralæknastofur virðast ekki hafa mikla reynslu af slíkri sýnatöku, þó er það misjafnt eftir læknum og stofum. Umræða um að ákjósanlegt væri að slík þjónusta væri í boði almennt hjá dýralæknum hér á landi og þeir myndu bjóða upp á slíkt fyrir einstaklinga, sér í lagi ef slíkt er krafa í reglum félagsins. Í nágrannalöndum er það krafa að dýralæknar taki slík próf, ekki einstaklingarnir sjálfir / eigendur hundanna. Vitað er að ræktendur eru margir hverjir farnir að notast við DNA próf til þess að fá auknar upplýsingar um sína hunda, þó svo að það sé ekki krafa í tegund.

Umræða um að hver deild ætti að bera ábyrgð á því að setja ekki kröfu nema hún sé sett á til þess að bregðast við þekktu vandamáli í tegund.

Ef settar eru fram kröfur eða heilbrigðisskoðanir þá er eitthvað í heilsufari þeirrar tegundar sem krefst þess að það sé skoðað nánar.

Umræða um hvort kominn sé tími til þess að félagið útbúi lista yfir þá sjúkdóma í hverri tegund sem krafa er um að skoða með DNA prófum.

Þá gætu ræktendur gengið að slíkum listum vísum þegar þeir undirbúa heilsufarsprófanir á sínum ræktunardýrum. Ennfremur að leita eftir upplýsingum um hvaða rannsóknarstofur eru viðurkenndar til slíkra rannsókna.

Nauðsynlegt er að við fylgjum þeim reglum sem FCI setur okkur, þörf er á að finna það verklag sem stenst þær kröfur.

10. Önnur mál

Fundi slitið kl. 19. Næsti fundur stjórnar HRFÍ er á dagskrá þann 14.janúar 2021.